

**46. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álftavers,
Miðvikudaginn 7. maí 2025, kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Anna Lind Ragnarsdóttir, Valgeir Scott, Bragi Þór Thoroddsen, Sigurdís Samúelsdóttir, Kjartan Geir Karlsson og Jóhann Birkir Helgason.

Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .

1. Beiðni um samstarf við sámræmda úttekt vatnsveita - 2503013

Tekið fyrir erindi frá Brunavarnasviði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, Félagi slökkviliðsstjóra á Íslandi ásamt Fagráði vatnsveitna SAMORKU, samtaka orku- og veitufyrirtækja á Íslandi er varðar sámræmda úttekt á slökkvivatni vatnsveitna á Íslandi.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd felur sveitarstjóra að sjá um framkvæmd verkefnisins með slökkviliðsstjóra og stjórnanda vatnsveitu.

Samþykkt

2. Eyrardalur 6, umsókn um lóð undir gistihús - 2202002

Auglýsinga- og athugasemdafesti er lokið vegna breytinga á deiliskipulagi í Eyrardal.

Deiliskipulagið var auglýst skv. 1.mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010 frá 13. mars til 25.apríl 2025.

Umsagnir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Ísafjarðarbæ og Minjastofnun. Tvær athugasemdir bárust, frá Daníel Inga Gunnarssyni, Eyrardal 5 og Anne Berit Vikse, Hliðargötu 5.

Umsagnir gáfu ekki tilefni til breytinga á deiliskipulaginu.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að deiliskipulagið er í sámræmi við Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2018-2030 m.s.br.. Svæðið er skilgreint sem verslun og þjónusta (VP1). Deiliskipulag svæðisins gerði ráð fyrir hesthúsasvæði og af þeim sökum mátti búast við umferð um svæðið. Breytingin gerir ráð fyrir að aðskilja lóðirnar vegna nálægðar við Eyrardal 5 og þess vegna er gert ráð fyrir jarðvegsmön milli Eyrardals 5 og 7.

Nefndin bendir á að skipulagið gerði ráð fyrir hesthúsabyggð og því telur nefndin að yfirbragð byggðar verði til hins betra. Það sama á við um útsýni, byggingarreitur færist þó nær Eyrardal 5 en nefndin telur það ekki hafa mikil áhrif á útsýni frá Eyrardal 5.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja deiliskipulagið óbreytt.

Samþykkt

3. Deiliskipulagsbreyting - iðnaðarsvæði inn af Langeyri - 2109006

Tekin fyrir tillaga að breytingu á deiliskiuilagi Hafnar- og iðnararsvæði inn af Langeyri í Súðavík.

Breytingin er gerð vegna breyttrar lögunar landfyllingar og staðsetningar viðlegukants, auk endurbóta á honnun mannvirkja á lóð 1. Áfram er gert ráð fyrir kalkpörungaverksmiðju innan lóðar nr.1 þar sem vinna á allt að 120.000 m³ af kalkpörungaseti á ári úr Ísafjarðardjúpi.

Skipulags- bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagstillagan verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Samþykkt

4. Kerfisáætlun 2025-2034 - 2504004

Tekin fyrir drög að kerfisáætlun 2025-2034, langtímaáætlun.

Kynningartímabil er frá 9. apríl til 31. maí 2025.

Skipulags- bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd lýsir ánægju sinni með fyrirhugaðar framkvæmdir á Vestfjörðum á næstu árum.

Samþykkt

5. Aðalgata 6, breytt notkun - 2409006

Tekið fyrir lóðarmál við Aðalgötu 6 er varðar umferðaröryggismál.

Skipulags- bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að veghald á Djúpvegi er í höndum Vegagerðarinnar og því getur nefndin ekki tekið afstöðu til erindisins fyrr en umsögn Vegagerðarinnar liggur fyrir.

Nefndin óskar eftir umsögn Vegagerðarinnar á erindinu.

Nefndin setur sig ekki upp á móti erindinu en bendir á að gönguleið meðfram Djúpvegi þarf að vera opin gangandi vegfarendum gegnum lóð Aðalgötu 6.

Samþykkt

6. Númerslausir bílar og bílhrae í Súðavík - 2504006

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Antoni Helgasyni f.h. Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða er varðar númerslausa bíla í Súðavík.

Lagt fram til kynningar.

Skipulags- bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd felur sveitarstjóra að fylgja málinu eftir.

Samþykkt

7. Ábending til sveitarstjórna um græn svæði í þéttbýli - 2504005

Tekið fyrir erindi ódagsett frá Skógræðingafélagi Íslands þar sem félagið beinir því til sveitarstjórna í landinu að græn svæði í þéttbýli eru mikilvæg fyrir lýðheilsu fólks.

Lagt fram til kynningar.

Samþykkt

8. Sjónarhóll, lóðarleigusamningur - 2505001

Tekið fyrir erindi ódagsett frá Einari Beinteins Beinteinssyni þar sem óskað er eftir endurnýjun á lóðarleigusamningi fyrir Sjónarhól þar sem núgildandi lóðarleigusamningur er fallin úr gildi.

Skipulags- bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir nýjan lóðarleigusamning og merkjalýsingu.

Samþykkt

9. Umsókn um leyfi til reksturs gististaðar að Nesvegi 9 - 2505002

Tekin fyrir umsagnarbeiðni dags. 6. maí 2025 frá Sýslumanninum á Vestfjörðum þar sem óskað er umsagnar Sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps um gistileyfi vegna Nesvegar 9.

Skipulags- bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd gerir ekki athugasemd við að gistileyfi verði veitt.

Samþykkt

10. Umsóknir vegna hafnargerðar og sjóvarna á samgönguáætlun 2026-2030 - 2505003

Tekið fyrir bréf frá Fannari Gíslasyni fyrir hönd Vegagerðarinnar þar sem kynnt er að fimm ára samgönguáætlun 2026-2030.

Skipulags- bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að sótt verði um eftirfarandi verkefni:

Endurnýjun dekkis á Miðgarði Súðavíkurhafnar (er á gildandi samgönguáætlun)

Endurbætur á stálþili Norðurgarðs Súðavíkurhafnar, dýpkun innsiglingar og sandfangara norðan megin við garðinn.

Endurnýjun hafnaraðstöðu í Vigur.

Samþykkt

11. Langeyrarvegur 9, umsókn um lóð - 2505004

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Finni Jónssyni dags. 5. maí 2025 þar sem sótt er um lóðina við Langeyrarveg 9.

Skipulags- bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd tekur jákvætt í úthlutun lóðarinnar en bendir á að lóðin við Langeyrarveg 9 er leigð til Iceland Sea Angling hf. og því þarf að semja um niðurfellingu þess leigusamnings.

Nefndin felur sveitarstjóra að semja við Iceland Sea Angling hf um niðurfellingu lóðarleigusamnings.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 19:15.

Anna Lind Ragnarsdóttir

Valgeir Scott

Bragi Þór Thoroddsen

Sigurdís Samúelsdóttir

Kjartan Geir Karlsson

Jóhann Birkir Helgason